

Mánudaginn 26. nóvember 1990.

Nr. 173/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Páli Jónssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjárdráttur. Skjalafals. Ákæra. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl í ár að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvaldsins til sakfellingar samkvæmt ákæru og til þyngingar á refsingu.

Ákærði krefst þess:

a) að hann verði sýknaður af öllum kröfum samkvæmt ákæru 6. nóvember 1986,

b) að hann verði sýknaður af 1. tl. II. kafla, V. kafla, XI. kafla og B-lið ákæru 12. febrúar 1988,

c) að hann hljóti að öðru leyti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og refsing verði skilorðsbundin að öllu leyti eða að hluta. Jafnframt verði refsing tiltekin sem hegningarauki við dómsátt 7. febrúar 1989 og dóm 29. júní s.á.

I.

Við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti féll saksóknari frá ákæru 6. nóvember 1986 og B-lið ákæru 12. febrúar 1988. Brot samkvæmt ákæru 6. nóvember 1986 fellur undir 73. gr. laga um tékka nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977, og er því fyrnt samkvæmt 1. tl. 1. gr., 81. gr., sbr. 6. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 20/1981. Ber því að sýkna ákærða af þessari ákæru. Gögn málsins veita ekki næga stoð þeirri fullyrðingu í ákæru frá 12. febrúar 1988, að tékki samkvæmt B-lið hennar hafi verið innstæðulaus við framvísun í banka. Ber því að sýkna af þeim ákærulið. Samkvæmt 3. mgr. 146. gr.

laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála verður þá ekki dæmt um bótakröfu vegna þeirrar háttsemi, sem um getur í ákæru 6. nóvember 1986, og er hinn áfrýjaði dómur, að því er hana varðar, felldur úr gildi og kröfunni vísað frá héraðsdómi.

Sannað er, að ákærði framdi þau brot, sem honum eru gefin að sök í I., II., IV., V., VI., VII., VIII., IX. og X. kafla ákæru.

Að því er varðar III. kafla ákæru um viðskipti við Unnstein Þorsteinsson ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu varðandi tvær síðari greiðslurnar. Þá er sannað, að ákærði tók einnig við fyrstu greiðslunni samkvæmt þessum ákærulið, fjárhæð að jafnvirði 597.670 krónur. Ákærði og starfsmaður hans, Tonny Esperssen, hafa báðir borið, að Tonny hafi afhent Jan Erik Olsen 8.000 dollara af þessari greiðslu á hótél Fontana á Spáni og fengið kvittun fyrir. Greiðsla Unnsteins til ákærða fór fram 6. júní 1985. Í málinu liggja frammi ljósrit ferðatékka með nafni Unnsteins, að fjárhæð 6.500 dollarar, sem haldið er fram, að dagsettir séu í júní það ár, en á nokkrum ljósritanna má greina stimpil Banco Alicantino de Comercio. Fyrir Hæstarétti hefur verjandi ákærða haldið því fram, að þetta sé hin áminnsta greiðsla. Rétt er að meta vafa um örlög hluta þessarar greiðslu ákærða í hag, og verður ekki sakfelld nema fyrir þann hluta, sem hann viðurkennir að hafa tekið til sín sem umboðslaun af þessari greiðslu, 203.207 krónur.

Að því er varðar XI. kafla ákæru um viðskipti við Stefán Guðbjartsson, breytti ákærði framburði, sem hann gaf hjá lögreglu 9. janúar 1987, þá er hann kom fyrir dóm 29. júní 1989. Kvaðst hann hafa farið með víxilinn, sem hér um ræðir, í banka til innheimtu, en hann hafi aldrei greiðst og hann því aldrei fengið í hendur peninga vegna þessara viðskipta. Stefán Guðbjartsson kom aldrei fyrir dóm, svo að hann gæti tjáð sig um þennan breytta framburð, og víxillinn hefur ekki verið lagður fram. Verður því að sýkna ákærða af þessum lið ákæru vegna sönnunarskorts.

Að öðru leyti en að framan segir ber með tilvísun til raka hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann um sakfellingu vegna brota samkvæmt ákæru 12. febrúar 1988.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 20. október 1983 hlaut ákærði skilorðsbundna refsingu fyrir brot á 247. gr. almennra hegningarlaga. Skilorðstíma lauk 20. október 1985. Rannsókn vegna þeirra

brota, sem ákveða ber refsingu fyrir í þessu máli, hófst hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 5. september 1986. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga ber ekki að taka það mál upp til meðferðar.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða.

II.

Fallast má á úrlausn um skaðabótakröfur í forsendum héraðsdóms að öðru leyti en hér skal greint.

Skaðabótakrafa Unnsteins Þorsteinssonar er um jafnvirði 201.620 norskra króna. Ákærði gaf Unnsteini kvittun um greiðslu í norskum krónum, en greiðslurnar voru samkvæmt framburði Unnsteins og öðrum gögnum málsins ekki í þeirri mynt. Ákærði tók við allri hinni kröfðu fjárhæð. Hann hélt henni ekki til haga á þann hátt, að gagnaðist Unnsteini til greiðslu húss hans. Þótt ekki sé talið sannað, að hann hafi dregið sér alla fjárhæðina, var meðferð hans á þessum fjármunum gáleysisleg. Verður að telja hann bera ábyrgð gagnvart Unnsteini á allri fjárhæðinni. Eftir atvikum ber að ákveða höfuðstól kröfu hans í íslenskri mynt með sömu fjárhæð og ákært er fyrir, 977.605 krónur.

Ákærði hefur hafnað kröfu Óskars Árnasonar. Kröfugerð Óskars, gögn hans fyrir henni og framburður hans um hana eru óljós. Verður því ekki dæmt um hana í þessu máli, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála. Fella ber því niður ákvæði héraðsdóms, að því er þessa kröfu varðar, og vísa henni frá héraðsdómi.

Upphafstíma vaxta af ofantöldum skaðabótakröfum er ekki mótmælt, og eru kröfur um vexti af tildæmdum fjárhæðum teknar til greina, eins og í dómsorði greinir.

III.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og málsvarnarlaun, og dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, svo sem segir í dómsorði. Þó verður ákærða ekki gert að greiða nema 2/3 hluta kostnaðar við ágrip, þar sem gerð þess er ekki í samræmi við 180. gr. laga um meðferð opinberra mála, en það er mun umfangsmeira en efni standa til.

Ákærði, Páll Jónsson, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði skaðabætur með vöxtum svo sem hér greinir:

1. Árna Hemmert Sörenssyni, Aðalbraut 16, Raufarhöfn, 571.251 krónu með 22% ársvöxtum af 260.800 krónum frá 19. desember 1985 til 1. mars 1986, með 12,1% frá þeim degi til 21. mars s.á., en af 411.383 krónum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 8,5% frá þeim degi til 7. ágúst s.á., en af 571.251 krónu frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 8,7% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., með 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., með 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., með 9,9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 10,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., með 10,3% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

2. Unnsteini Þorsteinssyni, Geitlandi 15, Reykjavík, 977.605 krónur með 22% ársvöxtum af 597.670 krónum frá 6. júní 1985 til 6. ágúst s.á., en af 913.858 krónum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12,1% frá þeim degi til 21. mars s.á., en af 977.605 krónum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 8,5% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 8,7% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., með 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., með 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., með 9,9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 10,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., með 10,3% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

3. Jóhannesi Magnússyni Lange, Víðihvammi 28, Kópavogi, 714.250 krónur með 22% ársvöxtum af 182.250 krónum frá

13. desember 1985 til 16. desember s.á., en af 282.250 krónum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12,1% frá þeim degi til 14. mars s.á., en af 414.250 krónum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 8,5% frá þeim degi til 1. ágúst 1986, en af 714.250 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 8,7% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., með 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., með 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., með 9,9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 10,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., með 10,3% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

4. Iðnaðarmannafélagi Sauðárkróks 278.450 krónur með 22% ársvöxtum af 143.450 krónum frá 22. janúar 1986 til 1. mars s.á., með 12,1% frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 8,5% frá þeim degi til 22. maí 1986, en af 278.450 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 8,7% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., með 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., með 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., með 9,9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 10,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., með 10,3% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

5. Diðrik Vilhjálmsyni, Helgavatni, Þverárhlið í Mýrasýslu, 164.500 krónur með 8,5% ársvöxtum frá 7. apríl 1986 til 1. nóvember s.á., með 8,7% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., með 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., með 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., með 9,9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 10,2% frá þeim

degi til 1. mars s.á., með 10,3% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

6. Baldri Árnasyni, Holtsgötu 6, Sandgerði, 664.000 krónur með 22% ársvöxtum af 564.000 krónum frá 19. febrúar 1986 til 1. mars s.á., með 12,1% frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 8,5% frá þeim degi til 8. apríl s.á., en af 664.000 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 8,7% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., með 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., með 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., með 9,9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 10,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., með 10,3% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

7. Þorbergi Þórarinssyni og Elísabetu Gabríelu Jósefsdóttur, báðum til heimilis að Bröttuhlið 10, Seyðisfirði, samtals 658.000 krónur með 22% ársvöxtum af 329.000 krónum frá 28. janúar 1986 til 1. mars s.á., með 12,1% frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 8,5% frá þeim degi til 17. apríl s.á., en af 629.000 krónum frá þeim degi til 29. júní s.á., en af 658.000 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 8,7% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., með 8,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., með 8,9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 9,3% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 9,6% frá þeim degi til 11. febrúar s.á., með 9,9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 10,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., með 10,3% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Bótakröfum Míðasar hf. og Óskars Árnasonar er vísað frá sakadómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 75.000 krónur. Ákærði greiði þó aðeins 2/3 kostnaðar við ágripsgerð.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. mars 1990.

Ár 1990, mánudaginn 26. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinnssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 189/1990: Ákærvaldið gegn Páli Jónssyni.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum á hendur Páli Jónssyni, fæddum 21. júlí 1955, nú til heimilis í Svíþjóð, en áður búsettum hér í borg. Ákæruskjölin eru útgefin 6. nóvember 1986 og 12. febrúar 1988.

I. Ákæra, útgefin 6. nóvember 1986.

Með þessari ákæru er málið höfðað gegn ákærða „fyrir tékkasvik með því að hafa í október 1985 greitt fyrir þjónustu til auglýsingaþjónustunnar Mídasar hf. með 42.000 króna tékka, sem hann gaf út á tékkareikning sinn, nr. 31196, hjá aðalbanka Búnaðarbanka Íslands til „MÍDAS hf.“ á tékkaeyðublað nr. 2432915 og dagsetti 30. nóvember sama ár, en við sýningu tékkans þann 28. janúar 1986 reyndist ekki vera innstæða á ofangreindum tékkareikningi ákærða, sem lokað var þann 18. nóvember 1985.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

II. Ákæra, útgefin 12. febrúar 1988.

A.

Með þessari ákæru er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir skjalafals og fjárdrátt með því að hafa á árunum 1985 og 1986, þegar ákærði var umboðsmaður fyrirtækisins Suomi Sun Spain S/A, Torre vieja, Alicante-héraði, Spáni, en fyrirtækið annast byggingu og sölu sumarhúsa á nefndum stað á Spáni, falsað og notað fölsuð skjöl til þess að blekkja með þeim í viðskiptum og dregið sér fé, sem ákærði tók við frá kaupendum sem greiðslum fyrir sumarhús, samtals að fjárhæð kr. 5.426.951, svo sem nú verður rakið:

I. Viðskipti við Árna Hemmert Sörensson, Aðalbraut 16, Raufarhöfn.

1. Fyrir skjalafals:

Með því að hafa notað kaupsamning, dagsettan 10. desember 1985, um sumarhús af gerðinni Norvega milli Suomi Sun Spain S/A sem seljanda og Árna Sörenssonar og Þórdísar Kristjánsdóttur sem kaupanda til þess að blekkja kaupanda í lögskiptum, eftir að hafa útfyllt samninginn og falsað undirskrift Antonios Calvo Arce, forstjóra seljanda, á samninginn í því skyni að vekja þá hugmynd hjá þeim Árna og Þórdísi, að kaupsamningur hefði komist á.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Fyrir fjárdrátt:

Með því að hafa dregið sér eftirtaldar greiðslur frá Árna Hemmert fyrir umrætt sumarhús, kr. 260.800, sem ákærði fékk símsendar 19. desember 1985, kr. 150.583, símsendar 21. mars 1986, og kr. 159.868, sem Árne greiddi með tékka nr. 139853 á tékkareikning nr. 404 við Landsbanka Íslands, Raufarhöfn, útgefnum 7. ágúst 1986, og ákærði seldi samdægurs í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, eða samtals kr. 571.251. Síðastnefnda greiðslan fór til greiðslu inn á hús Róshildar Sveinsdóttur, Hofteigi 44, Reykjavík, en hinar notaði ákærði til eigin þarfa.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Viðskipti við Björgvin Árna Ólafsson, Bergstaðastræti 13, Reykjavík.

1. Fyrir skjalafals:

Með því að hafa notað ódagsetta kvittun til Björgvins Árna fyrir móttöku á 25% innborgun fyrir sumarhús af gerðinni Kasbah nr. 5 til þess að blekkja Björgvin Árna með í lögskiptum, eftir að hafa falsað undirritun Jans Eriks Olsens, starfsmanns Sun Spain S/A í Fredrikstad, Noregi, á kvittunina í því skyni að vekja þá hugmynd hjá Björgvin Árna, að fyrirtækinu hefði borist greiðsla frá honum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

2. Fyrir fjárdrátt:

Með því að hafa dregið sér eftirtaldar greiðslur frá Björgvin Árna fyrir umrætt sumarhús, kr. 163.372, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé 26. mars 1985, kr. 171.883 í reiðufé 28. maí 1985 og kr. 49.015 24. júní 1985, samtals kr. 384.270, og notað í eigin þágu.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

III. Viðskipti við Unnstein Þorsteinsson, Geitlandi 15, Reykjavík.

Fyrir fjárdrátt:

Með því að hafa dregið sér eftirtaldar greiðslur frá Unnsteini fyrir sumarhús af gerðinni Tabarca, sem Unnsteinn keypti samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 25. maí 1985, af Suomi Sun Spain S/A. Greiðslurnar voru í alls konar gjaldeyri, en andvirði kr. 597.670 þann 6. júní 1985, kr. 316.188

6. ágúst 1985 og kr. 63.747 21. mars 1986, samtals kr. 977.605, sem ákærði notaði í eigin þágu.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Viðskipti við Jóhannes Magnússon Lange, Viðihvammi 28, Kópavogi.

1. Fyrir skjalafals:

a. Með því að hafa notað kaupsamning, dagsettan 14. desember 1985, um sumarhús af gerðinni Norvega milli Suomi Sun Spain S/A sem seljanda og Jóhannesar Lange sem kaupanda til þess að blekkja kaupanda með í lögskiptum, eftir að hafa útfyllt samninginn og falsað undirskrift Antonios Calvo Arce, forstjóra seljanda, á samninginn í því skyni að vekja þá hugmynd hjá Jóhannesi, að kaupsamningur hefði komist á.

b. Skipt í Kjötmiðstöðinni, Laugalæk, tékka nr. 0665635 á Seðlabanka Íslands, að fjárhæð kr. 132.000, útgefnum 14. mars 1986 af Sparisjóði Kópavogs á reikning nr. 11350, eftir að hafa falsað nafn Jóhannesar Lange sem framseljanda á tékkann.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

2. Fyrir fjárdrátt:

Dregið sér eftirtaldar greiðslur frá Jóhannesi fyrir umrætt sumarhús, kr. 182.250, greiddar með tékka nr. 0651831 á reikning nr. 11350 við Seðlabanka Íslands, útgefnum 13. desember 1985 af Sparisjóði Kópavogs, kr. 100.000, með tékka nr. 0651832 á sama reikning, útgefnum 16. desember 1985 af Sparisjóði Kópavogs, kr. 132.000, með tékka nr. 0665635 á sama reikning, útgefnum 14. mars 1986 af Sparisjóði Kópavogs, sem ákærði notaði til eigin þarfa, og kr. 300.000, greiddar með tékka nr. 0694059 á sama reikning, útgefnum 1. ágúst 1986 af Sparisjóði Kópavogs, sem ákærði notaði til að greiða með inn á hús Óskars Árnasonar, Norðurgötu 11, Sandgerði, samtals kr. 714.250.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

V. Viðskipti við Óskar Árnason, Norðurgötu 11, Sandgerði.

Fyrir fjárdrátt:

Dregið sér og notaði í eigin þágu kr. 475.000, sem eru helmingur af kr. 950.000, sem Óskar greiddi ákærða með tékka nr. 323551 á ávisanareikning nr. 438 við Landsbanka Íslands, útibúið í Sandgerði, útgefnum 12. desember 1985, sem fullnaðargreiðslu fyrir tvö sumarhús af gerðinni Norvega, sem Óskar keypti samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 15. desember 1985, af Suomi Spain S/A.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

VI. Viðskipti við Árna Guðmundsson vegna Iðnaðarmannafélags Sauðárkróks.

Fyrir fjárdrátt:

Dregið sér eftirtaldar greiðslur frá Árna fyrir sumarhús af gerðinni Norvega, sem Árni taldi sig vera að kaupa af Suomi Sun Spain S/A samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 10. febrúar 1986, sem aldrei var undirritaður af seljanda, kr. 243.450, sem Árni greiddi með C-gíróseðli nr. 1554397 þann 22. janúar 1986 inn á reikning Ingibjargar G. Guðmundsdóttur, sem þá var starfsmaður ákærða, nr. 973 við aðalbanka Útvegsbanka Íslands. Upphæðina notaði ákærði til kaupa á gjaldeyri, sem fór til greiðslu inn á hús Diðriks Vilhjálmssonar, Helgavatni í Þverárhlið við Borgarnes (sic), kr. 135.000, sem Árni greiddi 22. maí 1986 með tveimur póstávísunum, annarri að fjárhæð kr. 35.000 og hinna að fjárhæð kr. 100.000, og ákærði notaði til eigin þarfa. Samtals dró ákærði sér samkvæmt þessum ákærulið kr. 378.450.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

VII. Viðskipti við Pál Ingimarsson vegna Starfsmannafélags Garðabæjar.

Fyrir fjádrátt:

Dregið sér og notað í eigin þágu kr. 155.000, sem bæjarsjóður Garðabæjar greiddi með tékka nr. 0316097, útgefnum 29. maí 1986 af S. Haraldsdóttur á tékkareikning nr. 50 við Búnaðarbanka Íslands, Garðabæ, sem lokagreiðslu fyrir sumarhús af gerðinni Norvega, sem Páll Ingimarsson vegna Starfsmannafélags Garðabæjar keypti af Suomi Sun Spain S/A samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 30. desember 1985.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. Viðskipti við Diðrik Vilhjálmsson, Helgavatni, Þverárhlið við Borgarnes (sic).

Fyrir fjádrátt:

Dregið sér og notað til eigin þarfa kr. 164.500, sem Diðrik greiddi með tékka nr. 1016206, útgefnum 7. apríl 1986 á tékkareikning nr. 5983 við Sparisjóð Mýrasýslu sem greiðslu fyrir sumarhús af gerðinni Norvega, sem Diðrik keypti af Suomi Sun Spain S/A samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 4. febrúar 1986.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

IX. Viðskipti við Baldur Árnason, Holtsgötu 6, Sandgerði.

Fyrir fjádrátt:

Dregið sér og notað í eigin þágu eftirtaldar greiðslur frá Baldri fyrir sumarhús af gerðinni Norvega, sem Baldur keypti af Suomi Sun Spain S/A samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 4. febrúar 1986, kr. 564.000, sem Ingibjörg G. Guðmundsdóttir, sem þá var starfsmaður ákærða, greiddi ákærða með tékka nr. 2819830, útgefnum 19. febrúar 1986 af Ingibjörgu á reikning nr. 973 við aðalbanka Útvegsbanka Íslands og ákærði seldi samdægurs í bankanum, en fjárhæð þessa hafði Baldur greitt sama dag með

C-gíróseðli nr. 1199350 inn á nefndan reikning Ingibjargar, og kr. 100.000, sem Baldur greiddi þann 8. apríl 1986 með póstávísun, samtals kr. 664.000.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

X. Viðskipti við Elísabetu Gabrielu Jósefsdóttur og Þorberg Þórarinsson, Bröttuhlíð 10, Seyðisfirði.

Fyrir fjárdrátt:

Dregið sér og notað til eigin þarfa eftirtaldar greiðslur frá Elísabetu og Þorbergi fyrir sumarhús af gerðinni Norvega, sem þau töldu sig vera að kaupa, en kaupsamningur var aldrei gerður: jafnvirði kr. 329.000, sem Þorbergur greiddi 28. janúar 1986 í erlendum gjaldeyri og íslenskum krónum, jafnvirði kr. 300.000, sem Þorbergur greiddi 17. apríl 1986 í erlendum gjaldeyri, og kr. 29.000, sem greiddar voru í íslenskum peningum sem loka-greiðsla 29. júní 1986, samtals kr. 658.000.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

XI. Viðskipti við Stefán Guðbjartsson, Sætúni, Kjalarnesi.

Fyrir fjárdrátt:

Dregið sér og notað í eigin þágu andvirði víxils, að fjárhæð kr. 284.625, útgefins 16. desember 1985 og samþykkt af Stefáni með gjalddaga 17. janúar 1986, sem ákærði tók við frá Stefáni sem greiðslu inn á sumarhús af gerðinni Norvega.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

B.

Fyrir tékkasvik, með því að hafa 13. nóvember 1985 gefið út tékka nr. 2500718, að fjárhæð kr. 66.423, á hlaupareikning nr. 31196 við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, til Landsbanka Íslands, án þess að innstæða væri fyrir upphæð tékkans, og skipt tékkanum í aðalbanka Landsbankans.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Verjandi ákærða flutti munnlega vörn 8. mars sl. og gerði eftirfarandi dómkröfur: Ákærði verði sýknaður af ákæru, dagsettri 6. nóvember 1986. Varðandi ákæru, dagsetta 12. febrúar 1988, er þess krafist, að ákærði verði sýknaður af 1. tl. II. kafla ákærunnar, V. kafla og af sakarefni í XI. kafla. Þess er krafist, að ákærði hljóti að öðru leyti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að refsing verði skilorðsbundin og dæmdur hegningarauki við dóm vegna ölvunaraksturs, er ákærði hlaut á árinu 1989. Þá er gerð krafa um málsvarnarlaun að mati réttarins.

Málsatvik.

I. Ákæra 6. nóvember 1986.

Ákærði bar hér fyrir dóminum 29. júní sl. að hafa samið við auglýsinga-

þjónustuna Midas hf. að geyma tékkann, sem ákærði kvaðst hafa gefið út og dagsett 28. janúar 1986. Tékkinn var síðan sýndur í banka hinn 28. janúar 1986, og þá reyndist ekki vera innstæða fyrir tékkanum. Ákærði kvaðst hafa greitt kr. 28.000 inn á skuld vegna tékkans, en eftir stæðu kr. 14.000.

Ákærði hafði áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglunni og kvað reikningi sínum hafa verið lokað þann 18. nóvember 1985, og kvaðst ákærði að öllum líkindum hafa verið staddur erlendis um þær mundir og ekki hafa verið í aðstöðu til að láta Midas hf. vita af lokun reikningsins.

II. Ákæra 12. febrúar 1988.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna varðandi hvern kafla ákærunnar fyrir sig.

I. Viðskipti við Árna Hemmert Sörensson.

1. Ákærði bar hjá lögreglunni 12. september 1986 að hafa selt Árna Hemmert Sörenssyni sumarhús í desember 1985. Ákærði kvað Árna hafa undirritað kaupsamning hér á landi, eftir að hafa haldið til Spánar til að skoða þar sumarhús þau, er ákærði hafði til sölu. Ákærði kvaðst síðan hafa sent kaupsamninginn til Spánar ásamt fleiri kaupsamningum, og hafi samningurinn komið til baka frá Spáni að sögn ákærða án undirritunar Antonios Calvo, fulltrúa seljanda ytra. Ákærði kvað samninginn hafa verið óundirritaðan af hálfu seljanda ytra vegna þess, að hann hefði sagt söluverð hússins of lágt. Ákærði kvaðst hafa gripið til þess ráðs, er Árni fór að inna ákærða eftir kaupsamningnum, að falsa undirskrift Antonios Calvo á samninginn og síðan hafa póstsent Árna samninginn, en áður kvaðst ákærði hafa greint Árna frá því, að samningurinn hefði ekki enn borist til landsins vegna erfiðleika í póstsamgöngum ytra. Ákærði kvaðst hafa hugsað sér að greiða bakreikning seljanda ytra með væntanlegum söluhagnaði af sölu annarra húsa ytra.

Ákærði var yfirheyrdur hér fyrir dómi 29. júní sl., og viðurkenndi ákærði þá að hafa framið þá háttsemi, er honum er hér gefin að sök, og staðfesti ákærði framburð sinn hjá lögreglu frá 12. september 1986.

Vitnið Árni Hemmert Sörensson verksmiðjustjóri, Aðalbraut 16, Raufarhöfn, var yfirheyrt hjá lögreglunni 5. september 1986, og kvað Árni ákærða hafa greint sér frá því, er ákærði innti ákærða eftir kaupsamningnum, að sá aðili, er rita ætti undir samninginn ytra, væri ekki við og dráttur gæti orðið á undirrituninni í nokkra daga. Árni staðfesti hér fyrir dómi 28. febrúar sl. ofangreindan framburð sinn.

2. Ákærði bar hjá lögreglunni 12. september 1986 að hafa móttengið allar þær greiðslur frá Árna, er getið er um í ákærunni, og staðfesti ákærði ofangreindan framburð hér fyrir dómi 29. júní sl. Við dómsyfirheyrsluna 29. júní sl. kvaðst ákærði hafa tekið við greiðslunum frá Árna, svo sem ákært

er út af. Ákærði kvað síðustu greiðsluna hafa farið til að greiða inn á hús Róshildar Sveinsdóttur, svo sem ákært er út af. Ákærði viðurkenndi að hafa notað til eigin þarfa miðgreiðsluna, að fjárhæð kr. 150.583. Ákærði kvaðst hafa sent fyrstu greiðsluna, að fjárhæð kr. 260.800, til Spánar. Ákærði kvaðst hafa verið staddur í Amsterdam í lok desember 1985 og þaðan hafa sent greiðsluna til forsvarsmanna fyrirtækisins Suomi Sun Spain á Spáni. Ákærði kvaðst hafa haft í fórum sínum kvittanir, er sýndu, að ákærði hafði innt greiðsluna af hendi til fyrirtækisins á Spáni, en ákærði kvað Guðmund Óskarsson hafa tekið öll gögn af skrifstofu ákærða að Laugavegi 18 þann 6. eða 7. ágúst 1986, og taldi ákærði kvittunina hljóta að vera í vörslum Guðmundar Óskarssonar. Ákærði vísaði á bug simskeyti frá Sun Spain, dagsettu 4. september 1986, til Guðmundar Óskarssonar, þar sem greint var frá því, að Árni Sörensson hefði hvorki gert samning við félagið né hefðu félaginu borist nokkrar greiðslur frá Árna.

Vitnið Guðmundur Óskarsson verkfræðingur, Mávanesi 13, Garðabæ, var yfirheyrt fyrir dóminum 7. febrúar sl. Guðmundur kvaðst hafa flutt húsbúnað frá Laugavegi 28, þar sem ákærði hafði skrifstofu, og að Laugavegi 18. Guðmundur kvaðst hafa skilið eftir á Laugavegi 28 öll gögn varðandi húsasölu ákærða á Spáni. Þá kvaðst Guðmundur hafa afhent lögreglunni upplýsingar og ljósrit gagna, er Guðmundur kvaðst hafa fengið hjá einstökum viðsemjendum ákærða.

Vitnið Árni Hemmert Sörensson var yfirheyrt fyrir dóminum 28. febrúar sl. Árni staðfesti þá framburð sinn hjá lögreglu frá 8. september 1986 og bar efnislega á sama veg. Árni kvaðst þannig hafa fest kaup á sumarhúsi af Norvega-gerð af ákærða með kaupsamningi, dagsettum 10. desember 1985, og kvaðst Árni hafa innt allar þær greiðslur af hendi, er í ákærðinni greinir, samtals kr. 571.251. Árni kvaðst aldrei hafa fengið sumarhúsið afhent og síðar hafa komist að því, að engar greiðslur hefðu borist til Spánar.

II. Viðskipti við Björgvin Árna Ólafsson.

1. Ákærði bar hjá lögreglunni 31. október 1986, að Björgvin Ólafsson hefði haldið til Spánar að skoða sumarhús fyrri hluta janúar 1985. Ákærði kvað Björgvin hafa gert kaupsamning ytra á skrifstofu Suomi Sun Spain. Ákærði kvaðst hafa veitt móttöku greiðslum vegna kaupanna hér á landi og m.a. afhent Björgvin Ólafssyni kvittun vegna greiðslu Björgvins á 25% af kaupverði hússins, en þá greiðslu innti Björgvin af hendi til ákærða 26. mars 1985, og gaf ákærði út kvittun fyrir móttöku fjárins. Ákærði kvað Björgvin hafa gengið eftir því, að hann fengi í hendur kvittanir frá hinum erlenda söluaðila. Ákærði kvaðst hafa afhent Björgvin kvittun undirritaða af Jan Erik Olsen vegna fyrstu greiðslu Björgvins, en Jan Erik var einn af forsvarsmönnum fyrirtækisins Sun Spain í Noregi. Ákærði kvaðst hafa sent ofangreinda greiðslu vegna 25% af söluverði hússins til Fredrikstad

í Noregi, og hefði greiðslan verið send í almennum pósti í umslagi af stærðinni A-4, og hefði greiðslan verið send út í seðlum. Ákærði kvaðst síðan hafa fengið senda kvittun töluvert síðar en greiðslan var send og hafa afhent Björgvin kvittunina.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómnum 29. júní sl. og staðfesti þá framburð sinn hjá lögreglunni vegna þessarar meintu háttsemi og bar efnislega á sama veg. Ákærði kvaðst hafa sent peningana með almennum pósti til útlanda á þessum tíma, vegna þess að á þessum tíma hefði verið ólöglegt, að einstaklingar eignuðust fasteignir erlendis.

Vitnið Björgvin Árni Ólafsson ellilífeyrisþegi, Vesturgötu 7, Reykjavík, var yfirheyrð fyrir dómnum 28. febrúar sl. og bar þá um viðskipti sín og ákærða. Björgvin kvaðst telja kvittun þá, er hér um ræðir, vera falsaða, og kvaðst Björgvin draga þá ályktun af samanburði við aðrar kvittanir frá Jan Erik Olsen, og þá kvaðst Björgvin hafa fengið þær upplýsingar hjá Ragnari Aðalsteinssyni hrl., að hann hefði fengið þær upplýsingar hjá Jan Erik Olsen, að kvittunin væri fölsuð.

2. Ákærði bar hjá lögreglunni 31. október 1986 að hafa tekið við öllum þeim greiðslum frá Björgvin Ólafssyni, er í þessum ákærulið greinir. Ákærði kvaðst hafa sent utan greiðsluna, er Björgvin innti af hendi í reiðufé 26. mars 1985, þ.e. kr. 163.372, sbr. lið 1 hér næst á undan. Ákærði viðurkenndi að hafa notað hinar greiðslurnar tvær í eigin þágu og m.a. greitt fjárnám, er hvíldi á íbúð, er þá var í eigu ákærða.

Ákærði bar fyrir dómnum 29. júní sl. efnislega á sama veg og hjá lögreglunni og staðfesti þann framburð sinn og viðurkenndi þannig að hafa dregið sér tvær síðasttöldu greiðslurnar, en kvaðst sem fyrr hafa sent fyrstu greiðsluna til Noregs með almennum pósti.

Vitnið Björgvin Árni Ólafsson bar fyrir dómnum 28. febrúar sl. að hafa fest kaup á sumarhúsi því, er í þessum ákærulið greinir, en kaupsamningur hafi verið gerður við Suomi Sun Spain 12. janúar 1985. Björgvin kvaðst hafa greitt ákærða þær þrjár greiðslur, er hér um ræðir, samtals kr. 384.270, en auk þess kvaðst Björgvin hafa greitt ákærða kr. 335.543, en ekki verður fjallað um þá greiðslu hér, enda ekki ákært vegna hennar. Björgvin kvaðst aldrei hafa fengið yfirráð hússins og heldur ekkert fengið endurgreitt af því fé, er Björgvin kvaðst hafa greitt ákærða. Áður hafði Björgvin borið efnislega á sama veg hjá lögreglunni 3. október 1986 og að hafa greitt ákærða þessar þrjár greiðslur í reiðufé, svo sem í ákærinni greinir, og staðfesti Björgvin þá skýrslu fyrir dómnum, en Björgvin greindi ítarlega frá kaupunum og aðdraganda þeirra hjá lögreglunni.

III. Viðskipti við Unnstein Þorsteinsson.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni 7. janúar 1987. Ákærði bar þá um sölu sumarhúss af Tabarca-gerð til Unnsteins Þorsteinssonar, og undir-

ritun kaupsamnings hefði átt sér stað, eftir að Unnsteinn hafði haldið í skoðunarferð til Spánar ásamt eiginkonu sinni. Ákærði kvaðst hafa tekið við greiðslunni 6. júní 1985, alls kr. 597.670. Ákærði gaf út kvittun sama dag, og hljóðaði kvittunin upp á greiðslu á 127.080 norskum krónum. Ákærði kvaðst hafa tekið til sín af þessari greiðslu 17% í umboðslaun samkvæmt samningi milli ákærða og Norðmanna, eins og ákærði greindi frá. Þá kvaðst ákærði hafa sent mismuninn, 8.000 bandaríska dollara, til Spánar með Tonny Esperssen, og hefði sá maður afhent Jan Erik Olsen féð á hótél Fontana á Spáni, að því er ákærða skildist. Ákærði kvaðst hafa fengið í hendur kvittun frá Jan Erik vegna greiðslunnar, en kvittunin hefði týnst, er Guðmundur Óskarsson hefði tekið allt dót af skrifstofu ákærða að Laugavegi 28.

Ákærði kvaðst hafa tekið við greiðslunni 6. ágúst 1985, að fjárhæð kr. 316.188, í alls konar gjaldeyri og gefið út kvittun, er hljóðaði upp á 63.540 norskar krónur. Ákærði kvaðst hafa haldið með þetta fé til Spánar og afhent það á skrifstofu Suomi Sun Spain í Torrevieja. Ákærði kvaðst hafa verið „blindfullur“, eins og það er orðað í lögregluskýrslunni, og ekki hafa fengið kvittun í hendur vegna greiðslunnar, en ákærði taldi fleiri tilvik hafa verið eins að þessu leyti, þ.e., að ákærði hefði afhent fé ytra án þess að fá kvittun fyrir.

Ákærði viðurkenndi móttöku á jafnvirði kr. 63.670 í íslenskum peningum og í erlendri mynt þann 21. mars 1986. Ákærði kvað þessa greiðslu aldrei hafa borist til Spánar, en féð hefði verið notað hér á landi til að greiða vanskilavíxla vegna Spánarferða.

Ákærði var yfirheyrdur fyrir dóminum 29. júní sl. og staðfesti þá ofangreindan framburð sinn hjá lögreglunni og bar efnislega á sama veg.

Guðmundur Óskarsson verkfræðingur bar fyrir dóminum 7. febrúar sl. að hafa skilið eftir á skrifstofu ákærða að Laugavegi 28 öll gögn varðandi sumarhúsasölu ákærða og að hafa afhent lögreglunni gögn, er Guðmundur kvaðst hafa fengið hjá einstökum viðskiptavinum ákærða.

Vitnið Unnsteinn Þorsteinsson verkstjóri, Geitlandi 15, var yfirheyrt fyrir dóminum 28. febrúar sl. Unnsteinn kvaðst hafa fest kaup á húsi því, er hér um ræðir, með kaupsamningi, dagsettum 25. maí 1985, og hefði samningurinn verið undirritaður á Spáni, og Antonio Calvo hefði undirritað samninginn fyrir hönd seljanda. Unnsteinn kvaðst hafa greitt ákærða hér á landi alls kr. 977.605 í þremur greiðslum og í öll skiptin fengið kvittun, sem hljóðaði upp á greiðslu í norskum krónum, en Unnsteinn bar bæði fyrir dómi og hjá lögreglunni 15. nóvember 1986, að greiðslurnar hefðu verið inntar af hendi í alls kyns mynt. Unnsteinn staðfesti fyrir dóminum framburð sinn hjá lögreglu frá 15. nóvember 1986.

Vitnið Tonny Hadberg Esperssen veitingastjóri, Engjaseli 87, Reykjavík,

var yfirheyrt fyrir dóminum 28. febrúar sl. Tonny kvaðst hafa sem starfsmaður ákærða afhent Jan Erik Olsen peninga ytra, og í eitt skipti kvaðst Tonny hafa verið einn á ferð, er féð var afhent, en í önnur skipti hefði ákærði verið með í för. Tonny kvaðst, er hann afhenti féð einn, hafa afhent Jan Erik Olsen féð á hóteli, er heitir Fontana, og hefði Jan Erik gefið kvittun, er skrifuð var á bréfsefni hótelsins, og hefði ákærða verið afhent kvittunin, er heim var komið. Tonny kvað Jan Erik hafa haft orð á því, að hann vissi ekki, frá hverjum eða vegna hvaða húsakaupa peningarnir væru. Í lögregluskýrslu Tonny frá 6. október 1986 kvað hann þessa ferð hafa verið farna um miðjan júní 1985, en Tonny staðfesti lögregluskýrsluna fyrir dóminum.

IV. Viðskipti við Jóhannes Magnússon Lange.

1.a. Ákærði bar hjá lögreglunni 14. október 1986, að Jóhannes Magnússon Lange hefði undirritað kaupsamning í desember 1985. Ákærði kvaðst hafa sent þann kaupsamning til Spánar til undirritunar ásamt fleiri kaupsamningum, en hafa fengið samninginn endursendan óundirritaðan vegna ónógra greiðslna að sögn ákærða. Ákærði kvaðst þá hafa gripið til þess ráðs að falsa undirskrift Antonios Calvo á samninginn og afhent Jóhannesi samninginn þannig. Ákærði staðfesti ofangreindan framburð fyrir dóminum 29. júní sl. og viðurkenndi þessa háttsemi.

Vitnið Jóhannes Magnússon Lange, Víðihvammi 28, Kópavogi, hefur borið efnislega á sama veg og ákærði um kaupsamninginn. Jóhannes bar hjá lögreglunni 2. október 1986, að ákærði hefði sent kaupsamninginn til Spánar til undirritunar, og kvaðst Jóhannes hafa fengið samninginn undirritaðan af Antonio Calvo, forstjóra Suomi Sun Spain, í lok janúar 1986 eða eftir fyrstu greiðslu sína til ákærða, en áður en önnur greiðsla var innt af hendi. Jóhannes kvað sig ekki hafa grunað, að undirskriftin væri fölsuð. Jóhannes bar fyrir dóminum 28. febrúar sl. að hafa haldið til Spánar í ágúst 1986 og þá hafa komist að því, að undirritun seljanda á kaupsamninginn var fölsuð.

1.b. Ákærði viðurkenndi hjá lögreglunni 14. október 1986 að hafa tekið við greiðslu frá Jóhannesi þann 14. mars 1986, að fjárhæð kr. 132.000. Ákærði kvað Jóhannes hafa greitt með tékka, og viðurkenndi ákærði að hafa falsað framsal á tékkann, svo sem í ákærinni greinir. Ákærði bar á sama veg fyrir dóminum 29. júní sl.

Jóhannes Magnússon Lange hefur borið fyrir dóminum og hjá lögreglunni, að framsal á tékka þann, er hér um ræðir, sé falsað.

2. Ákærði bar hjá lögreglunni 14. október 1986 að hafa tekið við öllum þeim greiðslum frá Jóhannesi Magnússyni Lange, er getið er um í þessum ákærulið. Ákærði staðfesti ofangreinda lögregluskýrslu fyrir dóminum 29. júní sl. og kvaðst hafa notað allar greiðslurnar á þann hátt, er ákært er út af.

Jóhannes Magnússon Lange hefur borið bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að hafa innt þessar greiðslur af hendi, samtals kr. 714.250, vegna kaupa á sumarhúsi af Norvega-gerð. Jóhannes kvaðst hafa komist að því, er hann hélt til Spánar í ágúst 1986 til að fá húsið afhent, að engar greiðslur höfðu borist þangað frá ákærða vegna kaupanna, og Jóhannes kvaðst þannig aldrei hafa fengið húsið til umráða og engar greiðslur fengið til baka frá ákærða.

V. Viðskipti við Óskar Árnason.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni 16. október 1986. Ákærði kvaðst hafa sett sig í samband við Óskar eftir komu þeirra til Íslands í desember 1985, en ákærði kvað Óskar hafa haldið í skoðunarferð til Spánar. Ákærði kvað Óskar hafa fest kaup á tveimur sumarhúsum og staðgreitt húsin með kr. 950.000, en ákærði kvaðst hafa veitt Óskari kr. 150.000 í afslátt vegna staðgreiðslunnar. Ákærði kvaðst hafa sent helming greiðslunnar til Spánar. Ákærði kvaðst hafa hagnýtt sér eftirstöðvarnar af greiðslu Óskars í eigin þágu. Ákærði kvaðst hafa greitt fjárnám, að fjárhæð kr. 281.000, er hvíldi á íbúð ákærða, og afganginn kvaðst ákærði hafa notað í almennan rekstur fyrirtækis síns. Ákærði kvaðst hafa litið svo á, að hann hefði fengið þessa peninga að láni, þótt ákærði hefði ekki haft samband við Óskar vegna þessa. Ákærði kvaðst ekki hafa viljað senda meira en helming greiðslunnar til Spánar, vegna þess að byggingaframkvæmdir hefðu ekki verið hafnar. Ákærði kvaðst síðan hafa notað kr. 300.000 af fé frá Jóhannesi Lange, sbr. ákærulið IV að framan, til að greiða inn á hús Óskars Árnasonar, þar sem Óskar hafði þá komist að fjárdrættinum að sögn ákærða.

Ákærði var yfirheyrður um þessa meintu háttsemi fyrir dómi 29. júní sl. og staðfesti þá ofangreindan framburð sinn hjá lögreglu. Ákærði kvaðst á tímabili, eins og ákærði orðaði það, hafa notað hluta fjárins í eigin þágu. Ákærði kvað Óskar ekkert tjón hafa beðið, þar sem ákærði kvaðst hafa greitt eftirstöðvar kaupverðs, eftir að Óskar hafði fengið húsið afhent.

Vitnið Óskar Árnason fiskverkandi, Norðurgötu 11, Sandgerði, var yfirheyrð fyrir dóminum 28. febrúar sl. Óskar kvaðst hafa haldið til Spánar í desember 1985 til að skoða sumarhús á vegum ákærða. Óskar kvað ákærða hafa komið á heimili sitt hinn 12. desember 1985 eftir heimkomu úr ferðinni og Óskar þá hafa að höfðu samráði við fjölskyldu sína ákveðið að festa kaup á sumarhúsi af Norvega-gerð, og kvaðst Óskar hafa staðgreitt húsið með tékka, að fjárhæð kr. 950.000. Óskar kvað kaupsamning hafa verið undirritaðan 15. desember 1985. Óskar kvað erfiðlega hafa gengið að fá afsal fyrir húsinu, en Óskar kvaðst nú hafa undir höndum gögn, er jafngiltu afsali, og því telja sig eða fyrirtæki sitt eiganda hússins nú. Óskar kvaðst hafa þurft að greiða Spánverjunum viðbótargreiðslu, vegna þess að greiðsla sú, er Óskar hafði innt af hendi, skilaði sér ekki að öllu

leyti. Óskar staðfesti fyrir dóminum framburð sinn hjá lögreglunni 25. september 1986 og 15. október s.á., en við þær lögregluyfirheyrslur bar Óskar efnislega á sama veg og fyrir dóminum, sem rakið er að framan.

VI. Viðskipti við Árna Guðmundsson vegna Iðnaðarmannafélags Sauðárkróks.

Ákærði viðurkenndi fyrir dóminum 29. júní sl. að hafa móttengið þær greiðslur frá Árna Guðmundssyni, er í ákærinni greinir. Ákærði kvaðst hafa notað kr. 243.450 til að greiða inn á hús Diðriks Vilhjálmssonar. Þá kvaðst ákærði hafa móttengið til viðbótar kr. 135.000 frá Árna með tveimur póstávísunum, og hefði það fé verið notað til að standa straum af rekstrar-kostnaði skrifstofu ákærða, og hefði féð þannig aldrei verið greitt inn á hús Árna. Ákærði bar efnislega á sama veg hjá lögreglunni 18. september 1986.

Vitnið Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri, Hólmagrund 4, Sauðárkróki, var yfirheyrt fyrir dóminum 1. mars sl. Árni kvaðst hafa fyrir hönd Iðnaðarmannafélags Sauðárkróks gert kaupsamning við ákærða hinn 10. febrúar 1986, en kaupsamningurinn hefði aldrei verið undirritaður af seljendum á Spáni. Árni kvaðst þannig hafa keypt sumarhús af Norvega-gerð. Árni kvaðst hafa greitt ákærða þær greiðslur, er í þessum ákærulið greinir. Árni kvaðst hafa haldið til Spánar um mánaðamótin júní-júlí 1986 og þá fengið þær upplýsingar ytra á skrifstofu Suomi Sun Spain, að hvorki Árni né Iðnaðarmannafélag Sauðárkróks væru eigendur að sumarhúsi og að engar greiðslur hefðu borist til Spánar vegna kaupanna. Árni kvað iðnaðarmannafélagið aldrei hafa fengið húsið til umráða. Árni kvað ákærða hafa endurgreitt kr. 100.000, en eftir standi kr. 278.450.

VII. Viðskipti við Pál Ingimarsson vegna Starfsmannafélags Garðabæjar.

Ákærði bar hjá lögreglunni 18. október 1986, að Páll Ingimarsson hefði haldið til Spánar í desember 1985 til að skoða sumarhús á vegum ákærða. Ákærði kvað Pál hafa undirritað kaupsamning hinn 30. desember 1985, þar sem fest voru kaup á Norvega-sumarhúsi. Ákærði lýsti síðan móttöku greiðslna vegna kaupanna, og viðurkenndi ákærði að hafa tekið við greiðslu, að fjárhæð kr. 155.000, hinn 29. maí 1986, en greiðslan var innt af hendi með tékka, svo sem í ákærinni greinir. Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 29. júní sl. og staðfesti þá ofangreindan framburð sinn og kvað þennan ákærulið réttan og hafði engar athugasemdir fram að færa.

Vitnið Páll Ingimarsson, starfsmaður Garðabæjarkaupstaðar, Hrismóum 3, Garðabæ, var yfirheyrt fyrir dóminum 28. febrúar sl. Páll kvaðst hinn 30. desember 1985 hafa gert kaupsamninginn f.h. Starfsmannafélags Garðabæjar og fest kaup á sumarhúsi af Norvega-gerð. Páll kvað gjaldkera félagsins hafa annast uppgjör við ákærða, en Páll kvaðst þó vita það, að

engar greiðslur bárust til Spánar, og kvað Páll hafa verið gerðan samning við ákærða hinn 11. ágúst 1986 vegna uppgjörðs ákærða og starfsmannafélagsins. Páll kvað mann á vegum starfsmannafélagsins hafa haldið til Spánar til að annast uppgjör við Spánverjana, og hefði starfsmannafélagið að lokum eignast sumarhúsið.

Vitnið Soffia Arnlaug Haraldsdóttir gjaldkeri, Stekkjarflöt 6, Garðabæ, var yfirheyrt hjá lögreglunni 25. september 1986. Soffia kvaðst sem gjaldkeri Starfsmannafélags Garðabæjar hafa innt af hendi greiðslur til ákærða vegna kaupanna á sumarhúsinu og m.a. greitt ákærða þá greiðslu, er hér er ákært út af.

VIII. Viðskipti við Diðrik Vilhjálmsson.

Ákærði bar hjá lögreglunni hinn 20. september 1986 um kaup Diðriks Vilhjálmssonar á Norvega-sumarhúsi með kaupsamningi, dagsettum 4. febrúar 1986, en ákærði kvað Diðrik hafa haldið í skoðunarferð til Spánar í endaðan janúar 1986. Ákærði lýsti greiðslum Diðriks vegna kaupanna, og viðurkenndi ákærði að hafa tekið við greiðslu, að fjárhæð kr. 164.500, í apríl 1986. Ákærði kvaðst hafa notað þetta fé til að greiða ferð og uppihald nafngreinds manns, er ætlaði að kynna sér kaupleigufyrirkomulag fasteigna á Spáni. Ákærði kvað ferðina hafa orðið mjög dýra og hefðu eftirstöðvar framangreindrar greiðslu farið til reksturs skrifstofu ákærða. Ákærði staðfesti ofangreindan framburð sinn fyrir dóminum 29. júní sl. og kvað þennan ákærulið réttan.

Vitnið Diðrik Vilhjálmsson bóndi, Helgavatni, Þverárhlið við Borgarnes (sic), var yfirheyrt hjá lögreglunni 1. október 1986. Diðrik lýsti kaupum sínum á sumarhúsi því, er hér um ræðir, og greiðslu kr. 164.500 með tékka, útgefnum 7. apríl 1986.

IX. Viðskipti við Baldur Árnason.

Ákærði bar fyrir dómi 29. júní sl. að hafa tekið við alls kr. 664.000 frá Baldri Árnasyni. Ákærði kvað greiðslurnar hafa borist á þann hátt, er ákært er út af, og kvaðst ákærði hafa notað alla fjárhæðina í eigin þágu og til að standa straum af rekstri skrifstofu ákærða. Ákærði kvað greiðslurnar þannig aldrei hafa verið sendar til Spánar. Ákærði hafði áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglunni. Ákærði kvað Baldur hafa haldið í kynnisferð til Spánar í lok janúar 1986 og undirritað kaupsamning á skrifstofu Suomi Sun Spain hinn 4. febrúar 1986 um kaup á sumarhúsi af Norvega-gerð.

Vitnið Baldur Árnason atvinnurekandi, Holtsgötu 6, Sandgerði, var yfirheyrt fyrir dóminum 28. febrúar sl. Baldur kvaðst hafa undirritað kaupsamning á Spáni hinn 4. febrúar 1986 og hefði Antonio Calvo undirritað kaupsamninginn f.h. seljanda, en Baldur kvaðst hafa keypt sumarhús af Norvega-gerð. Baldur kvaðst hafa innt allar greiðslur af hendi hér á landi

vegna kaupanna og hafa samtals greitt ákærða kr. 664.000. Baldur kvaðst hafa verið á ferð á Spáni í maí 1988 og þá hafa hitt forsvarsmenn fyrirtækisins Suomi Sun Spain. Baldur kvað sér hafa verið boðið að standa við kaupsamninginn og greiða sama verð fyrir sumarhúsið og samið var um í upphafi. Baldur kvað ekkert hafa komið fram, er benti til þess, að greiðslur hefðu borist til Spánar frá Íslandi.

X. Viðskipti við Elísabetu Gabrielu Jósefsdóttur og Þorberg Þórarinsson.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómnum 29. júní sl. Ákærði kvaðst hafa mótttekið jafnvirði kr. 329.000 frá Þorbergi hinn 28. janúar 1986. Ákærði kvaðst hafa sent þessa greiðslu til Spánar sem almenna póstsendingu utan kr. 90.000, er ákærði kvaðst hafa tekið af greiðslunni sem umboðslaun. Ákærði kvaðst enga kvittun hafa fengið í hendur frá Spánverjunum vegna þessarar greiðslu. Ákærði kvað ástæðu þess, að engar kvittanir bárust frá Spáni, vera þá að sínu áliti, að Spánverjar hefðu þennan hátt á vegna þess, að peningarnir, er þeim bárust út, væru í raun „svartir peningar“. Ákærði kvað ástæðuna nánar vera þá, að samkvæmt spænskum lögum eigi allt fé, er kemur inn í landið vegna kaupa sem þeirra, er hér um ræðir, að berast gegnum bankakerfið. Svo hafi hins vegar ekki verið í þessum tilvikum, og hafi Spánverjarnir því reynst tregir til að gefa kvittanir. Ákærði viðurkenndi og að hafa tekið við greiðslum frá Þorbergi hinn 17. apríl 1986 og þá í erlendri mynt, jafnvirði kr. 300.000, og síðan kr. 29.000 hinn 29. júní 1986, sem hafi verið lokagreiðsla Þorbergs. Ákærði kvað tvær síðustu greiðslurnar aldrei hafa verið sendar út, heldur hafi ákærði notað féð í eigin þágu, svo sem í ákærinni greinir. Ákærði hafði áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglunni hinn 6. nóvember 1986 og 16. janúar 1987 og lýst þar m.a. kaupum Þorbergs og Elísabetar á sumarhúsi af Norvega-gerð og greiðslum, svo sem að ofan er rakið.

Vitnið Þorbergur Þórarinsson vélgæslumaður, Bröttuhlíð 10, Seyðisfirði, var yfirheyrð fyrir dómnum 28. febrúar sl. Þorbergur lýsti þá kaupnum á sama veg og ákærði og kvaðst hafa innt af hendi þær greiðslur, er í ákærinni greinir, samtals kr. 658.000. Þorbergur kvaðst síðan hafa haldið til Spánar ásamt konu sinni nærri mánaðamótum ágúst/september 1986 í því skyni að fá húsið afhent. Þorbergur kvaðst hafa fengið þær upplýsingar á skrifstofu Suomi Sun Spain, að engin greiðsla hefði borist frá ákærða og að Þorbergur væri þannig ekki kaupandi eða eigandi að neinu sumarhúsi frá fyrirtækinu. Þorbergur kvaðst þannig aldrei hafa fengið umráð hússins.

XI. Viðskipti við Stefán Guðbjartsson.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni 9. janúar 1987. Ákærði kvað Stefán Guðbjartsson hafa farið til Spánar í kynnisferð. Ákærði kvað Stefán hafa fest kaup á Norvega-húsi, en ákærði kvaðst ekki muna, hvort kaup-

samningur hefði verið gerður. Ákærði kvað Stefán hafa komið á skrifstofu ákærða og greitt þar inn á húsið með víxli, að fjárhæð kr. 284.625. Ákærði kvaðst hafa notað andvirði víxilsins til að greiða leigu á þotu, er ákærði hefði tekið á leigu til að flytja fólk til Spánar. Ákærði kvaðst hafa verið orðinn mjög aðkrepptur fjárhagslega á þessum tíma og því hafa orðið að nota peningana á þennan hátt.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 29. júní sl. Ákærði kvaðst hafa tekið við víxli þeim, er hér um ræðir, frá Stefáni Guðbjartssyni vegna sumarhúsakaupa. Ákærði kvaðst hafa farið með víxlinn í banka til innheimtu, en ákærði kvað víxlinn aldrei hafa greiðst og ákærði þannig enga peninga hafa fengið út úr þessum viðskiptum. Ákærði kvað framburð sinn hjá lögreglu vera rangan, þar sem ákærði kvaðst hafa notað andvirði víxilsins til að greiða leigu á þotu. Er ákærði var spurður um ástæður síns breytta framburðar, kvaðst ákærði eitthvað hafa ruglast í ríminu við framburðinn hjá lögreglu og að sá framburður væri rangur.

Vitnið Stefán Guðbjartsson, Sætúni, Kjalarnesi, var yfirheyrt hjá lögreglunni 8. janúar 1987. Stefán kvaðst hafa haldið til Spánar 12. desember 1985 í ferð á vegum ákærða til að skoða sumarhús. Stefán kvaðst hafa ákveðið að festa kaup á Norvega-sumarhúsi, og hinn 16. desember 1985 kvaðst Stefán hafa greitt ákærða helming umsamins kaupverðs hússins með víxli, er gefinn var út 16. desember 1985, en með gjalddaga 17. janúar 1986, og kvaðst Stefán hafa greitt víxlinn á gjalddaga. Stefán kvað kaupsamning ekki hafa verið gerðan vegna kaupanna.

B. Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 29. júní sl. og viðurkenndi þá að hafa framið þessa háttsemi.

Niðurstöður.

Ákæra, dagsett 6. nóvember 1986.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þessa háttsemi, og varðar brot ákærða við 248. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í ákærinni greinir.

Ákæra, dagsett 12. febrúar 1988.

I.1. Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er af öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þessa háttsemi, og varðar brot ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

I.2. Ákærði hefur borið að hafa sent til Spánar með almennum pósti frá Amsterdam fyrstu greiðsluna frá Árna, en viðurkenndi að hafa notað miðgreiðsluna í eigin þágu og að hafa notað þriðju greiðsluna til að greiða inn á hús Róshildar Sveinsdóttur. Fyrir liggur í málinu skeyti frá Suomi Sun Spain S/A þess efnis, að félagið hafi engar greiðslur fengið vegna Árna

Sörenssonar. Ákærði hefur borið, að kvittanir vegna peningasendingarinnar hafi verið í sínum vörslum, en Guðmundur Óskarsson hafi síðar tekið þær í sínar vörslur. Guðmundur hefur borið því í mót að hafa tekið nokkur gögn vegna sumarhúsasölu ákærða.

Framburður ákærða þess efnis, að hann hafi sent fyrstu greiðsluna til Spánar með almennri póstsendingu frá Amsterdam, þykir mjög ótrúverðugur og er beinlínis í andstöðu við gögn málsins. Dóminum þykir því sannað með vísan til ofanritaðs og með vísan til gagna málsins að öðru leyti, en þrátt fyrir framburð ákærða, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið, þ.e. að hafa dregið sér samtals kr. 571.251, sem voru greiðslur, er Árni Hemmert Sörensson hafði innt af hendi vegna húskaupanna. Brot ákærða varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

II.1. Ákærði hefur ávallt borið af sér að hafa falsað kvittun þá, er hér um ræðir. Ákærði hefur borið að hafa fengið kvittunina senda með pósti töluverðum tíma eftir, að ákærði kvaðst hafa sent greiðsluna með almennum pósti til Noregs, og síðan afhent Björgvin kvittunina. Ákærði hefur borið, að ritvél sú, er rannsókuð var hjá lögreglu, hafi verið ritvél ákærða, og ritvélin hafi ákærði notað á skrifstofu sinni við skjalagerð, sbr. framburð ákærða hjá lögreglunni 21. janúar 1987. Fyrir liggur í málinu, að Björgvin greiddi ákærða 50% af kaupverði hússins hinn 28. janúar 1985, og þá liggur frammi dagsett kvittun frá Jan Erik Olsen þess efnis, að þessi greiðsla hafi borist félaginu Sun-Spain A/S. Lögreglan rannsakaði kvittun þá, er hér er ákært út af, og bar m.a. undirritun þeirrar kvittunar saman við óvefengjanlega rithönd Jans Eriks Olsens. Niðurstaða þeirrar rannsóknar er sú, að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því, að rithönd hins vefengda skjals sé fölsuð. Dómurinn lítur svo á með vísan til ofanritaðs og eftir samanburð á rithöndum þeim, er að ofan greinir, að útilokað sé, að um rithönd sama manns geti verið að ræða og rithönd hins vefengda skjals sé þannig fölsuð. Þá var það niðurstaða rannsóknar lögreglunnar, að ritvél sú, er ákærði átti og notaði við skjalagerð á skrifstofu sinni, hafi verið notuð til að rita texta hins vefengda skjals. Dómurinn lítur svo á, að fram séu komnar sannanir fyrir því, að ritvél ákærða hafi verið notuð til að rita skjal það, er hér um ræðir. Þá kemur fram í gögnum málsins, að bréfhaus hins vefengda skjals er ljósritaður og er skakkur á pappírsörkinni, orðið Kasbah er misritað á sama hátt í hinu vefengda skjali og á þremur skjölum, er ákærði hefur samið, og að bókstafurinn ö, sem notaður er á vefengda skjalinu í nafninu Björgvin, er ritaður sem gegnumdregið ø á skjalinu frá Jan Erik varðandi kvittunina fyrir 50% greiðslunni.

Þegar ofanritað er virt og gögn málsins að öðru leyti, þykir dóminum sannað, að kvittun sú, er hér um ræðir, hafi verið rituð á ritvél ákærða

og undirritun á skjalið fölsuð. Gegn eindreginni neitun ákærða þykir ekki nægilega sannað, að ákærði hafi falsað undirritunina á skjalið, og þá er ekki ljóst, hver samdi kvittunina, og er ákærði því sýknaður af því að hafa falsað undirritunina á skjalið. Dóminum þykir hins vegar sannað, að ákærði hafi notað hið falsaða skjal svo sem ákært er út af, enda hlaut ákærða að vera ljóst, að skjalið var falsað, enda langlíklegast, að ákærði hafi falsað það, þótt það sé ekki nægilega sannað, sbr. ofanritað. Ákærði notaði þannig í lögskiptum og í blekkingarskyni þetta falsaða skjal svo sem í ákærrunni greinir, og varðar brotið við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II.2. Dómurinn telur sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi dregið sér greiðslu að fjárhæð kr. 163.372, en ákærði tók við þeirri greiðslu frá Björgvin 26. mars 1985. Til frekari rökstuðnings þessari niðurstöðu vísast til liðar II.1. að ofan. Þá er sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur dregið sér aðrar greiðslur samkvæmt þessum ákærulið og því samtals kr. 384.270 og notað í eigin þágu. Þessi háttsemi varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

III. Sannað er, að ákærði tók við þeim greiðslum, er í þessum ákærulið greinir, samtals fjárhæð að jafnvirði kr. 977.605. Ákærði hefur borið að hafa sent fyrstu greiðsluna til Spánar með Tonny Esperssen, þáverandi starfsmanni sínum, og sá hafi afhent Jan Erik Olsen greiðsluna á hóteli á Spáni, og hafi ákærði fengið í hendur kvittun, er Tonny kom aftur til landsins. Ákærði kvað Guðmund Óskarsson hafa tekið þessa kvittun ásamt fleira dóti ákærða, er Guðmundur rýmdi skrifstofu ákærða að Laugavegi 28 á sínum tíma. Guðmundur hefur, svo sem áður er rakið, borið af sér að hafa tekið nokkur gögn varðandi húsaölu ákærða á Spáni. Tonny H. Esperssen bar fyrir dóminum að hafa afhent Jan Erik Olsen fé á Spáni og fengið í hendur kvittun, sem síðan var afhent ákærða. Tonny kvað Jan Erik Olsen hafa haft orð á því, er féð var afhent, að hann vissi ekki, frá hverjum féð væri eða vegna hvaða húsaakaupa. Tonny kvað ferðina hafa verið farna um miðjan júní 1985.

Þrátt fyrir framburð ákærða og framburð Tonnys H. Esperssens um það, að Tonny hafi haldið til Spánar með greiðslu til Jans Eriks Olsens í júní 1985, þá er ekkert í málinu, er bendir til þess, að þessi greiðsla hafi verið frá eða vegna húsaakaupa Unnsteins Þorsteinssonar. Framburður Tonnys bendir alls ekki til þess, að féð hafi verið komið frá Unnsteini eða vegna kaupa hans á sumarhúsi, sbr. það, er Tonny hefur eftir Jan Erik ytra. Þegar allt þetta er virt svo og sú staðreynd, að alger ringulreið, óstjórn og skipulagsleysi var á viðskiptum ákærða og greiðslur frá einum aðila fóru inn á hús annarra, þá þykir ákærði verða að bera hallann af því, að kvittun vegna fyrstu greiðslu Unnsteins hefur ekki fundist, og telst því sannað, að ákærði hafi dregið sér féð.

Dóminum þykir sannað, að ákærði hafi dregið sér aðra greiðsluna frá Unnsteini, þrátt fyrir framburð ákærða þess efnis, að hann hafi innt greiðsluna af hendi ytra á skrifstofu Suomi Sun Spain í Torrevieja á Spáni. Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður, er greiðslan var innt af hendi, og enga kvittun hafa fengið. Ákærði þykir verða að bera hallann af þessu, og er hann sakfelldur fyrir að hafa dregið sér greiðsluna.

Ákærði hefur játað að hafa dregið sér síðustu greiðslu Unnsteins.

Dóminum þykir því sannað samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með vísan til gagna málsins að öðru leyti, að ákærði hafi dregið sér allar greiðslurnar frá Unnsteini Þorsteinssyni, samtals kr. 977.605, og notað í eigin þágu, svo sem í ákærinni greinir. Brot ákærða varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

IV.1.,a og b. Sannað er með framburði ákærða, sem vel er studdur af öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum tveimur ákæruliðum, og varða bæði brot ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, svo sem greinir í ákærinni.

IV.2. Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þessa háttsemi. Ákærði dró sér þannig og notaði í eigin þágu kr. 414.250, og auk þess dró ákærði sér kr. 300.000 og notaði til að greiða inn á hús Óskars Árnasonar, Norðurgötu 11, Sandgerði, samtals kr. 714.250. Þessi háttsemi varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

V. Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þessa háttsemi og dregið sér og notað í eigin þágu kr. 475.000, sem voru helmingur greiðslu frá Óskari Árnasyni. Engin gögn eru varðandi það, að ákærði hafi síðar greitt féð, sem hann hafði dregið sér. Þetta brot ákærða varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

VI. Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur gerst sekur um þessa háttsemi og að hafa dregið sér alls kr. 378.450. Ákærði notaði kr. 243.450 til kaupa á gjaldeyri, sem síðan fór til greiðslu inn á sumarhús Diðriks Vilhjálmssonar, Helgavatni, Þverárhlið við Borgarnes (sic), og kr. 135.000 notaði ákærði til eigin þarfa. Þessi háttsemi varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

VII. Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur dregið sér og notað í eigin þágu kr. 155.000, er honum er gefið að sök í þessum ákærulið. Brot ákærða varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur dregið sér og notað til eigin þarfa kr. 164.500, svo sem ákærða er gefið að sök í þessum ákærulið. Brotið varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

IX. Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur dregið sér og notað í eigin þágu greiðslurnar frá Baldri Árnasyni, svo sem í ákærunni greinir, samtals kr. 664.000. Brotið varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

X. Ákærði hefur borið að hafa móttengið kr. 329.000 sem greiðslu frá Þorbergi Þórarinssyni hinn 28. janúar 1986. Ákærði kvaðst hafa sent þá greiðslu til Spánar fyrir utan kr. 90.000, er ákærði kvaðst hafa dregið af fjárhæðinni sem umboðslaun sín. Hjónin Þorbergur Þórarinsson og Elísabet Gabriela Jósefsdóttir fengu þær upplýsingar á Spáni, er þau hugðust taka við húsinu ytra, að engar greiðslur hefðu borist vegna húskaupa þeirra. Ekkert mark er takandi á skýringum ákærða varðandi ástæðu þess, að kvittun hafi ekki borist frá Spáni. Þá er ekkert í gögnum málsins, er bendir til þess, að ákærða hafi borið umboðslaun, svo sem ákærði hefur borið. Dóminum þykir því sannað, að ákærði hafi dregið sér alla fyrstu greiðsluna frá þeim Þorbergi og Elísabetu, kr. 329.000, svo og aðra greiðslu frá þeim hjónum, samtals kr. 658.000, sem ákærði notaði til eigin þarfa. Þessi háttsemi varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

XI. Svo sem rakið var að framan, hafði ákærði viðurkennt hjá lögreglunni að hafa dregið sér þá fjárhæð, er hér um ræðir, og að hafa notað andvirði víxilsins til greiðslu á leigu fyrir farþegapotu frá Arnarflugi, en ákærði hafði skipulagt skoðunarferðir til Spánar. Ákærði bar hjá lögreglunni um fjárhagsörðugleika sína á þessum tíma og að hafa notað andvirði víxilsins, svo sem að framan er rakið. Ákærði bar síðan fyrir dómi hinn 29. júní sl. að hafa ruglast eitthvað í ríminu hjá lögreglunni og sá framburður sinn sé rangur varðandi það, að ákærði hafi notað andvirði víxilsins. Ákærði kvaðst aldrei hafa fengið peninga út úr víxli þessum, er ákærði kvaðst hafa tekið við hjá Stefáni Guðbjartssyni sem greiðslu upp í kaup Stefáns á sumarhúsi. Ákærði kvað víxillinn aldrei hafa verið greiddan í banka, þar sem víxillinn var til innheimtu.

Stefán Guðbjartsson hefur borið hjá lögreglunni að hafa greitt ákærða upp í húsakaupin með víxli, að fjárhæð kr. 284.625, og að hafa greitt víxilinn á gjalddaga hinn 17. janúar 1986.

Framburður ákærða og Stefáns er efnislega samhljóða hjá lögreglunni, en ákærði breytti framburði sínum fyrir dóminum og gaf þá skýringu, að hann hefði eitthvað ruglast í ríminu. Ekki hefur náðst að yfirheyra Stefán fyrir dóminum undir meðferð málsins og ekki vitað, hvar hann er nú búsettur erlendis. Dóminum þykir hinn breytti framburður ákærða órökstuddur og ekki í neinu samræmi við önnur gögn málsins, og er því ekki tekið mark á hinum breytta framburði ákærða og ákærði því talinn hafa framið þá háttsemi, er honum er hér gefin að sök. Brot ákærða varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

B. Sannað þykir með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þessa háttsemi, og varðar brotið við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ekki er fyllilega ljóst af gögnum málsins, hver var raunveruleg staða ákærða gagnvart fyrirtækinu Sun Spain A/S í Noregi, þótt fyrir liggi samningur milli Fasteignasölnunnar Kaupþúns, sem m.a. var í eigu ákærða, og síðan uppsögn samningsins af hálfu Sun Spain A/S með skeyti hinn 23. janúar 1985. Forsvarsmenn norska fyrirtækisins greindu frá því í skýrslu hjá lögreglunni í Fredrikstad í Noregi hinn 30. september 1986, að ekkert samningssamband væri eða hefði verið milli ákærða og norska félagsins. Þessu er háttað á svipaðan hátt um samband ákærða við spænska félagið Suomi Sun Spain S/A, Torrevieja, Alicante-héraði á Spáni, en í ákærinni er ákærði talinn hafa verið umboðsmaður þess félags, er framangreind húsasala átti sér stað á árunum 1985 og 1986. Þegar litið er á framkomu ákærða gagnvart kaupendum húsanna bæði hér á landi og einnig á Spáni svo og framkomu starfsmanna félagsins í garð ákærða og kaupenda ytra og hér á landi, verður að telja ákærða hafa verið umboðsmann hins spænska félags hér á landi. Gögn þau, er til staðar eru í málinu, benda og til hins sama og þ. á m. undirritaðir kaupsamningar, er bárust frá Spáni, greiðslukvittanir, framburður kaupenda húsanna o.fl. Viðsemjendur ákærða gátu því vart dregið aðra ályktun en þá, að ákærði væri umboðsmaður spænska fyrirtækisins hér á landi.

Ákærði notaði fölsuð skjöl til að blekkja einstaka viðsemjendur sína, svo sem rakið hefur verið. Ákærði beitti gylliboðum til að koma samningum á, svo sem að bjóða ódýrar skoðunarferðir til Spánar og að fargjöld, er einstakir kaupendur greiddu vegna skoðunarferða til Spánar, skyldu dragast frá húsaverðinu, ef af kaupum yrði, en allmargir kaupendur höfðu samband við ákærða, eftir að auglýsingar höfðu birst í dagblöðum varðandi húsasöluna. Ákærði dró sér verulegar fjárhæðir, samtals kr. 5.426.951, á árunum 1985 og 1986. Ákærði dró sér og notaði til eigin þarfa kr. 4.723.633 og kr. 703.318, sem notaðar voru til að greiða inn á hús annarra en þeirra, er inntu greiðsluna af hendi. Ákærði framdi brot sín á árunum 1985 og 1986, en frá því í maí 1986 til dagsins í dag hefur lánskjaravísitala hækkað um tæplega 100% samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands. Fé það, er ákærði dró sér, er því á verðlagi dagsins í dag meira en 11 milljónir. Brot ákærða eru stórfelld.

Ákærði hefur frá árinu 1972 gengist undir 8 dómsáttir fyrir brot gegn áfengis- og umferðarlögum. Þá hefur ákærði hlotið 5 dóma fyrir brot gegn sömu lögum, og árið 1983 hlaut ákærði 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir brot gegn 1. mgr. 247. gr. alm. hgl. Ákærða var síðast gerð refsing með dómi, uppkveðnum 29. júní sl., 30 daga varðhald fyrir brot gegn um-

ferðarlögum, og þá gekkst ákærði undir dómsátt 7. febrúar 1989 fyrir umferðarlagabrot.

Ákærða er nú gerð refsing eftir 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til alls ofanritaðs og til þess, hversu stórfelld brot ákærða eru, þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð sem fangelsi í 2 ár.

Skaðabótakröfur.

Ákæra 6. nóvember 1986.

Midas, auglýsingaþjónusta hf., hefur með bréfi, dagsettu 24. júní 1986, gert kröfu til, að útgefandi og/eða framseljandi tékkans verði dæmdur til að greiða það, sem eftir stendur af tékkafjárhæðinni, ásamt dómvöxtum frá sýningardegi til greiðsludags.

Ákærði hefur samþykkt að greiða eftirstöðvar tékkans, en ákærði hefur samkvæmt gögnum málsins áður greitt kr. 28.000 vegna skuldarinnar og eftir standi kr. 14.000. Ákærði er dæmdur til að greiða kr. 14.000 auk vaxta, svo sem greinir í dómsorði.

Ákæra, dagsett 12. febrúar 1988.

Verða nú raktar bótakröfur, er komið hafa fram vegna einstakra ákæru-liða.

I. Árni Sörensson hefur lagt fram bótakröfu, þar sem þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða kr. 571.251 auk vaxta, sem nánar eru tilgreindir í kröfugerðinni. Þá er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti ári eftir gjalddaga.

Ákærði hefur samþykkt að greiða þessa kröfu utan það, að ekki er samþykkt, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti fyrr en 12 mánuðum eftir gildistöku vaxtalaga nr. 25, 1987.

Ákærði er dæmdur til að greiða Árna kröfuna með vöxtum, svo sem nánar greinir í dómsorði.

II. Ekki barst bótakrafa frá Björgvin Árna Ólafssyni.

III. Unnsteinn Þorsteinsson hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða 201.620 norskar krónur. Kröfugerð Unnsteins og sundurliðun vaxtakröfunnar hljóðar svo: „Þess er krafist að ákærði, Páll Jónsson, verði dæmdur til að greiða mér jafnvirði norskra króna (NOK) 201.620 með 18% dráttarvöxtum á ári skv. vaxtalögum nr. 25/1987 af NOK 127.080 frá 06.06. 1985 til 06.08. 1985, en af NOK 190.620 frá þeim degi til 21.03. 1986, en af NOK 201.620 frá þeim degi til greiðsludags.“

Fyrir liggur í málinu, að ákærði gaf út þrjár kvittanir til Unnsteins Þorsteinssonar vegna kaupa hans, og kvittaði ákærði fyrir móttöku á samtals 201.620 norskum krónum.

Ákærði hefur mótmælt þessari kröfu á þeim forsendum, að ákærði verði

ekki dæmdur til greiðslu á erlendum gjaldeyri. Ákærði hefur fallist á að greiða Unnsteini kr. 63.747. Ekki er fallist á mótbáruð ákærða, og verður hann því dæmdur til að greiða Unnsteini kröfuna með vöxtum, svo sem greinir í dómsorðinu.

IV. Jóhannes Magnússon Lange hefur krafist þess, að ákærða verði gert að greiða allt það fé, er Jóhannes hafði greitt ákærða vegna kaupanna, „ásamt fullum vöxtum og verðbótum á hverjum tíma“, eins og segir í kröfugerðinni. Síðan segir í kröfugerðinni: „Einnig fer ég fram á að hann greiði mér ferð sem ég fór til Spánar í sambandi við afhendingu hússins, sem ég var búinn að borga áður en ég komst að hinu sanna, að upphæð kr. 85.000,00“.

Ákærði hefur fallist á greiðslu þessarar kröfu utan það, að ekki er fallist á greiðslu verðbóta og ekki heldur á greiðslu kr. 85.000 vegna Spánarferðarinnar.

Ákærði er dæmdur til að greiða Jóhannesi samtals kr. 714.250 með vöxtum á einstakar greiðslur, svo sem greinir í dómsorði. Krafan um greiðslu á kr. 85.000 er ekki studd neinum gögnum, og er henni vísað frá dómi.

V. Óskar Árnason hefur gert þá kröfu, að ákærði verði dæmdur til að greiða kr. 373.123 (1.385.528 spænska peseta) auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta frá 12. desember 1985 til greiðsludags. Óskar byggir kröfugerð sína á skeyti, er hann sagði, að borist hefði frá Spáni, og þar var þess getið, hversu háa fjárhæð Óskar átti eftir að greiða, til að húsið teldist að fullu greitt. Í skeyti þessu er heildarfjárhæðin, er eftir var að greiða, talin 1.385.528 pesetar. Óskar hefur greint frá því, að hann hafi innt þessa greiðslu af hendi og hafi nú í höndum pappíra, er jafngildi afsali fyrir húsinu. Í skeyti því, er talað er um að framan, er talið, að eftir standi rúmlega 1 milljón peseta, sem er greiðsla vegna húskaupanna, og síðan er talin rúmlega 350 þúsund peseta skuld vegna skatta, að því er virðist, svo og vegna kaupa á tveimur ísskápum.

Ákærði hefur vísað kröfugerð Óskars á bug, og kvað ákærði Óskar ekkert tjón hafa beðið vegna viðskiptanna.

Þrátt fyrir það að kröfugerð Óskars sé nokkuð óljós, þykir ekki eiga að vísa kröfunni frá dómi, enda ákærði sakfelldur fyrir að hafa dregið sér kr. 475.000 af því fé, er Óskar greiddi á sínum tíma. Ekki þykir skipta máli, þótt engin gögn séu til staðar um það, hvort Óskar hafi síðar greitt það, sem upp á vantaði, og hafi þannig eignast húsið. Eftir stendur fjárdráttur ákærða. Óskar hefur hins vegar einungis krafist greiðslu á kr. 373.123 ásamt vöxtum, og er ákærði í samræmi við ofanritað dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum, svo sem greinir í dómsorði.

VI. Árni Guðmundsson hefur gert bótakröfu fyrir hönd Iðnaðar-

mannafélags Sauðárkróks og krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða kr. 278.450 auk dráttarvaxta frá þeim tíma, er greiðslurnar voru inntar af hendi, og til greiðsludags. Ákærði hefur greitt kr. 100.000 vegna skuldar við þennan kröfuhafa, og verður sú fjárhæð dregin frá greiðslunni, er Árni innti af hendi hinn 22. janúar 1986.

Ákærði hefur samþykkt þessa kröfu, og er hann dæmdur til að greiða hana ásamt vöxtum, svo sem greinir í dómsorði.

VII. Ekki barst bótakrafa frá Starfsmannafélagi Garðabæjar.

VIII. Diðrik Vilhjálmsson hefur gert kröfu til þess, að ákærða verði með dómi gert að greiða kr. 164.500 ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 7. apríl 1986 til greiðsludags.

Ákærði hefur samþykkt þessa kröfu, og er ákærði dæmdur til greiðslu hennar ásamt vöxtum, svo sem greinir í dómsorði.

IX. Baldur Árnason hefur gert þá kröfu, að ákærða verði gert að greiða kr. 664.000 „ásamt lögleyfðum dráttarvöxtum frá greiðsludegi, sem var 19. febrúar 1986, enn fremur allan þann kostnað annan, sem af þessum svikum hefur hlotist og hljóstast kann“. Baldur Árnason greiddi ákærða kr. 554.000 hinn 19. febrúar 1986 og kr. 100.000 hinn 8. apríl 1986.

Ákærði hefur samþykkt kröfugerð Baldvins, og er ákærði dæmdur til greiðslu hennar ásamt vöxtum, svo sem í dómsorðinu greinir.

X. Þorbergur Þórarinnsson og Elíasabet Jósefs dóttir hafa krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða „kr. 658.000,00 auk dráttarvaxta, sbr. vaxtaákv. Seðlabanka, en til vara dómvaxta af hverri svikinni fjárhæð frá brotsdegi til greiðsludags“.

Ákærði hefur samþykkt að greiða kr. 329.000 af þessari kröfu.

Svo sem rakið var að framan, er ákærði sakfelldur fyrir að hafa dregið sér kr. 658.000, svo sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið. Ákærði er því dæmdur til að greiða þeim Þorbergi og Elísabetu samtals kr. 658.000 með vöxtum, svo sem greinir í dómsorði.

XI. Ekki hefur borist bótakrafa frá Stefáni Guðbjartssyni.

B. Ekki hefur borist bótakrafa vegna þessa ákæruliðar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 100.000 í málsvarnarlaun auk virðisaukaskatts til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Dómarinn tók við rekstri málsins í febrúar 1989.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Páll Jónsson, sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur með vöxtum, svo sem hér greinir:

1. Midas, auglýsingaþjónusta hf., kr. 14.000 auk dómvaxta frá 28.

janúar 1986 til 14. apríl 1987, en almenna vexti skv. 2. gr. I. nr. 67, 1989, til greiðsludags.

2. Árna Hemmert Sörenssyni, Aðalbraut 16, Raufarhöfn, kr. 260.800 auk dráttarvaxta frá 19. desember 1985 til 1. mars 1985 og þá af kr. 411.383 til 6. ágúst 1986 og þá af kr. 571.251 og til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti og í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir gildistöku vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. 12. gr. laganna, er tóku gildi 14. apríl 1987.

3. Unnsteini Þorsteinssyni, Geitlandi 15, Reykjavík, norskar kr. 127.080 auk dráttarvaxta frá 6. júní 1985 til 6. ágúst 1985 og þá af norskum krónum 190.620 til 21. mars 1985 og þá af norskum krónum 201.620 til greiðsludags.

4. Jóhannesi Magnússyni Lange, Víðihvammi 28, Kópavogi, kr. 182.250 auk dráttarvaxta frá 13. desember 1985 til 16. desember 1985 og þá af kr. 282.250 til 14. mars 1985 og þá af kr. 414.250 til 1. ágúst 1986 og þá af kr. 714.250 til greiðsludags.

5. Óskari Árnasyni, Norðurgötu 11, Sandgerði, kr. 373.123 auk dráttarvaxta frá 12. desember til greiðsludags.

6. Iðnaðarmannafélagi Sauðárkróks kr. 143.450 auk dráttarvaxta frá 22. janúar 1986 til 22. maí 1986 og þá af 278.450 til greiðsludags.

7. Diðrik Vilhjálmsyni, Helgavatni, Þverárhlið við Borgarnes (sic), kr. 164.500 auk dráttarvaxta frá 7. apríl 1986 til greiðsludags.

8. Baldri Árnasyni, Holtsgötu 6, Sandgerði, kr. 564.000 auk dráttarvaxta frá 19. febrúar 1986 til 8. apríl 1986 og þá af kr. 664.000 og til greiðsludags.

9. Þorbergi Þórarinssyni og Elísabetu Gabríelu Jósefsdóttur, báðum til heimilis að Bröttuhlið 10, Seyðisfirði, kr. 329.000 auk dráttarvaxta frá 28. janúar 1986 til 17. apríl 1986 og þá af kr. 629.000 til 29. júní 1986 og þá af kr. 658.000 til greiðsludags.

Í öllum tilfellum, er dæmdir eru dráttarvextir á fjárhæðirnar að framan, er átt við dráttarvexti samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, en samkvæmt 11. gr. s.l. vegna greiðslu kröfu í lið 3, þar sem um er að ræða greiðslu í erlendri mynt.

Ákærdi greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 100.000 í málsvarnarlaun til verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.